

ÞAÐ ERU OF MARGAR FÖÐURÍMYNDIR Í HEIMINUM



Yoko Ono á Kjarvalsstöðum í gærmorgun, þar sem verið var að leggja síðustu hönd á sýningar hennar og **FLUXUS**- hópsins, sem verða opnaðar í dag. Yoko Ono er heillandi persónuleiki sem hefur til að bera austurlenska mýkt og þokka í fasi og framkomu, en á bak við orð hennar skynjum við manneskju sem hefur sterkan vilja, frjótt ímyndunarafl og óbilandi orku til að standa vörð um frelsi mannsins og rétt hans til að lifa í friði fyrir forræðishyggju og feðraveldi.

Hún er lágmælt en hispurslaus í fasi og segir óhikað skoðanir sínar, og við byrjuðum á því að spyrja hana, hvernig þessi sýning sé til komin.

– Þetta er farandsýning um Norðurlönd, sem þegar hefur farið um Danmörku, Noreg og Finnland, og fyrir mig hefur þetta verið mikilvæg reynsla - ég hef verið að uppgötva sál Norðurlandanna. Verk mín byggjast meira á því að skiptast á reynslu en á því að boða einhvern sannleika og hugmyndin sem liggur að baki verka minna er sú að fólk eignist saman í þeim ákveðna reynslu.

Þannig eru hér einnig myndir sem málaðar hafa verið af gestum á sýningum mínum bæði í Noregi og á Ítalíu.

Sýningin byggir ekki á fyrirfram ákveðinni hugmynd. Verkin hafa orðið til þegar hugmyndin kemur yfir mig fyrirvaralaust, og þó að ég geri mér sjálf ákveðna hugmynd um verkið þá hefur það sýnt sig að hún er ekki einhlít, því reynsla áhorfandans gefur því nýja vídd og nýtt innihald. Þetta finnst mér mikilvægt og ég reyni alltaf að halda opinni leið fyrir hinu óvænta í stað þess að reyra verkið niður í fyrirfram gefinn ramma.

– Sýningin hefur yfirskriftina „Peace" eða friður. Hvers vegna hefur hún þetta nafn?

– Það er vegna þess að ég tel að verk mín á þessari sýningu séu nátengd öðru starfi sem ég hef helgað mig, og varðar það sem við getum gert í sameiningu til þess að skapa frið í heiminum.

– Þú hefur starfað með FLUXUS- hópnum frá upphafi. Hvernig atvikaðist það að þú tengdist hópnum - hafðir þú þráð að með þér þessar hugmyndir áður en þú kynntist öðrum brautryðjendum hópsins eða urðu þær til vegna kynna ykkar?

– Þetta gerðist einfaldlega þannig að sálir sem reyndust hafa svipaðar hugmyndir hittust í New York. Þá var nafnið FLUXUS reyndar ekki komið til. Þá kom George Maciunas til sögunnar og ákvað að gefa hreyfingunni nafnið FLUXUS.

– Í texta sem þú ritaðir í sýningarskrá Feneyjabiennalsins um FLUXUS frá því í fyrra talar þú um að málverk séu bara til í huga manns og þú rekur þennan skilning þinn til reynslu sem þú áttir í bernsku á stríðsárunum, þar sem þú segist hafa skipst á matseðlum við bróður þinn í huganum þegar ekkert var til að borða. Getur þú frætt mig svolítið um japanskan uppruna þinn og hvaða áhrif reynslan frá stríðsárunum hefur haft á verk þín?

– Ég er fædd við nokkuð óvenjulegar kringumstæður að því leyti, að þegar ég fæddist í Osaka þá var faðir minn þegar fluttur til Bandaríkjanna. Ég sá föður minn í fyrsta skipti þegar móðir mín fór til Bandaríkjanna til þess að heimsækja hann þar, og það var mikilvæg stund í lífi mínu.

Síðan braust stríðið út og ég fór aftur til Japan skömmu áður. Það var erfitt fyrir mig að skilja að ættland mitt væri í stríði við landið þar sem ég átti svo marga vini. Og alltaf síðan, þegar ég kom til Bandaríkjanna, þá reyndi ég að segja fólki að japanska þjóðin væri ekki jafn slæm og menn héldu. Sama gerðist þegar ég var í Japan: þá reyndi ég að segja fólki að Bandaríkjamenn væri ekki eins slæmir og sagt væri. Ég fann til samkenndar með báðum aðilum.

Stríðsárin voru mér erfið, því það voru gerðar miklar loftárásir á Tokyo. Þær gengu svo langt, að það var gripið til þess ráðs að fara með öll börn úr borginni og út í sveitirnar, og það gerði ég líka ásamt með systkinum mínum. Bændurnir á landsbyggðinni reyndust okkur börnunum harðir húsbændur og ég fékk ekkert að borða. Ég gekk frá einum bóndabæ til annars að biðja um eitthvað að borða fyrir mig, bróður minn og systur mína. En við máttum oft snúa frá matarlaus og stundum þurfti ég að ganga alla leið til næsta þorps til þess að finna eitthvað að borða.

Ég var um það bil 9 ára gömul, lítil, horuð og vannærð.

Ég man að einu sinni gekk ég langan veg til næsta þorps, og þar fékk ég heilmikið af kartöflum í poka. Ég gleymi þessu aldrei, því þegar ég lagði pokann fyrst yfir axlirnar þá ætlaði ég að kikna undan þunganum, því hann vó trúlega meira en sem nam líkamsþyngd minni, og konan spurði mig hvort ég gæti borið þetta allt saman.

– Auðvitað, svaraði ég, því ég vildi ekki skilja eina einustu kartöflu eftir. Svo verðmætur var þessi fengur.

En ferðin heim var erfið, og mér fannst hryggurinn á mér vera að gefa sig. Ég var vannærð og veikburða og gat ekki tekið nema 2-3 skref í einu, svo varð ég að setjast niður. Á endanum fór það svo að ég reyndi að draga pokann á eftir mér í stað þess að bera hann. En það var mikill sigur þegar ég komst á leiðarenda og gat gefið bróður mínum og systur kartöflur að borða.

Þegar stríðinu var lokið fór ég aftur til Tokyo með vöruflutningabíl. Þegar bíllinn nálgaðist borgina trúði ég ekki mínum eigin augum: þetta leit út eins og hvít eyðimörk. Ekkert stóð uppi og öll borgin var í rústum. Og ég spurði sjálfa mig: Er þetta Tokyo?

Nýlega las ég bók um reynslu barna frá síðari heimsstyrjöldinni. Þar lýsa börn frá ólíkum þjóðum, Englandi, Ungverjalandi, Þýskalandi og víðar reynslu sinni af stríðinu. Það sem kom mér á óvart við lestur þessarar bókar var að þótt loftárásirnar hafi auðvitað verið skelfilegar, þá skynjar barnið í raun og veru ekki alla ógnina, og hún verður jafnvel spennandi í augum þess. Þegar þetta fólk rifjar upp reynslu sína af skelfingum stríðsins í bernsku þá sér það líka jákvæðu hliðina og segir: Þetta var góð reynsla, því hún kenndi okkur að við gætum ráðið fram úr erfiðum aðstæðum. Hún hefur líka kennt okkur að vera þakklát fyrir allt sem við höfum. Enn í dag er ég þakklát fyrir að vera á lífi, fyrir að hafa eitthvað að borða og fyrir að hafa heilsu til þess að geta notið góðs matar. Þessi reynsla kennir okkur að það er ekkert sjálfgefið í lífinu.

– Þessi reynsla þín frá stríðinu hefur haft áhrif á verk þín síðar meir?

– Já, tvímælalaust.

– Ef við hverfum aftur til FLUXUS–hreyfingarinnar og áhrifamanna innan hennar eins og tónskáldsins John Cage, svo dæmi sé tekið, þá virðist sem hann hafi verið undir talsverðum áhrifum frá Zen-búddisma og austurlenskri heimspeki. Eru slík áhrif ekki líka til staðar í verkum þínum?

– Jú, það er alveg rétt. Við getum vel sagt að rætur mínar liggi í Japan, en þó er ég oft ekki alveg viss.

Hér áður fyrr, á sjöunda áratugnum, gerði ég til dæmis oft happeninga þar sem ég lét fólk vefja mig inn í taustrimil. Þetta var bara hugmynd sem sótti á mig, en þegar betur var að gáð þá leit ég út eins og egypsk múmía. En ég var á engan hátt að hugsa um egypska menningu þá. Áhugi minn á egypskri myndlist vaknaði fyrst í kringum 1976 eða 10 árum seinna. Verkið sem ég sýni hér á sýningunni núna með köttunum hefur einnig tengsl við Egyptaland, en það undarlega er að margt af því sem ég geri á sér einhverjar rætur sem ég geri mér ekki fulla grein fyrir, en virðast þó tengjast ævaforrni austurlenskri menningu með einum eða öðrum hætti.

– Samstarf þitt við eiginmann þinn, John Lennon, á tónlistarsviðinu, er kannski þekktara í augum almennings en starf þitt að myndlist. Mig langar til þess að spyrja þig hvort þú litir á tónlist ykkar í einhverju samhengi við FLUXUS–andann og þau verk sem þú vannst á undan og eftir þessu tímabili í lífi þínu?

– Ég hef fengist við það að semja tónlist allt frá 5 ára aldri. Foreldrar mínir vildu að ég yrði pianóleikari og ég gekk í pianótíma frá barnsaldri, þar sem okkur var einnig kennt að semja lög. Ég reyndist ekki góður pianóleikari, en upp úr menntaskólaárunum fór ég að gera verk sem stóðu framúrstefnutónlist nærri. Síðan tengdist ég þessum framúrstefnuhópi og tók virkan þátt í honum. En svo fór að lokum, að mér fannst eins og framúrstefnulistin væri orðin að „skóla" eða stofnun, sem mér fannst verða þvingandi.

Ég get nefnt þér sem dæmi: Einu sinni var ég með uppákomu í New York, þar sem flutt var tónverk. Einn liður í tónverkinu var að það átti að heyrast þegar sturtulagar mínir meðal framúrstefnumannanna í New York myndu fyllast ógeði, en það var einmitt það sem ég vildi. Þess vegna skrifaði ég lag sem heitir „Snow is falling everywhere" eða eitthvað í þá áttina. Þetta var áður en ég kynntist John, og þetta var eins konar uppreisn gegn framúrstefnuskólanum. Ég var því farin að hugsa í þá áttina þegar áður en við kynntumst. Og þegar við höfðum kynnst þá fannst mér þetta vera stórkostlegt. Hæverskan í einföldu dægurlagi er svo falleg andspænis háfleygum vangaveltum framúrstefnulistarinnar. Það var þetta sem hreif mig og það hafði í för með sér breytingu. John hafði langa reynslu af að skrifa dægurlög og við ræddum þetta mikið. En dægurtónlistin í dag býr ekki yfir sama einfaldleika og hún hafði þá. Hún er orðin umbúðameiri og hefur fjarlægst það að túlka þá orku sem býr í fólkinu. Ég held þó að hún hafi ekki misst allt samband ennþá, og ég hef enn gaman af því að semja dægurlög.



Þegar listin verður að stofnun deyr hún um leið. Og þegar hún er orðin að stofnun verður hún líka hættuleg.

– Mig langar til að spyrja þig, hvort FLUXUS-andinn hafi verið tímabundið fyrirbæri sem þegar sé búið að lifa sitt fegursta, eða hvort hreyfingin eigi sér framhaldslíf?

– FLUXUS-andinn mun halda áfram að lifa góðu lífi, og mér finnst það sérstaklega ánægjulegt að hreyfingin nýtur nú meiri athygli almennings en nokkru sinnum fyrr. Það er hins vegar mikilvægt að hafa í huga að það er ekki í eðli FLUXUS-hreyfingarinnar að segja að svona eigi hlutirnir að vera. Tjáningarfrelsið er grundvallaratriði í FLUXUS, og svo lengi sem það lifir þá mun hreyfingin halda áfram.

– Verður FLUXUS kannski eina listastefna 20. aldarinnar sem mun lifa fram á 21. öldina?

– Það er hugsanlegt, en það væri ekki í anda FLUXUS að segja slíkt, því á sama hátt og fólk vissi ekki hvað við vorum að gera hér áður fyrr þá eru áreiðanlega einhverjir að vinna með nýjungar núna, sem enginn hefur heyrt neitt af. Nýjar hugmyndir munu alltaf halda áfram að fæðast. Kosturinn við okkar flókna þjóðfélag felst í því að það framleiðir stöðugt nýjar hugmyndir og kemur okkur stöðugt á óvart.

– Að lokum: telur þú að listin hafi möguleika til þess að breyta þjóðfélaginu og hafi þannig félagslega eða pólitíska þýðingu?

– Já, ég held að list sem er lifandi hafi slíkt vald. Hættan fyrir allar hræringar í listinni er hins vegar fólgin í því að verða að stofnun. Þegar listin verður að stofnun deyr hún um leið. Og þegar hún er orðin að stofnun verður hún líka hættuleg.

– Hættuleg í hvaða skilningi?

– Því þá gengur hún í hlutverk föðurímyndarinnar og það eru of margar föðurímyndir í heiminum. Ef við ætlum okkur að ná lengra, þá verðum við að segja skilið við allar föðurímyndirnar. Menn verða að skapa sitt eigið líf. Mér finnst ekki að nein list, hvorki mín né annarra, eigi að vera svo yfirþyrmandi að hún knésetji menn. Listin á ekki að vera yfirþyrmandi, heldur á hún að leyfa okkur að fá hugljómun og styrkja fólk í að halda áfram að gera sína eigin hluti og lifa sínu eigin lífi.

-ólg.

Yoko Ono í helgarviðtali um **FLUXUS**, stríðið og friðinn, listina og frelsið til að vera maður sjálfur

Myndir: Kristinn